

Greinargerð um 31. allsherjarþing IMO

Þrítugasta og fyrsta allsherjarþing IMO (Assembly 31) var haldið dagana 25. nóvember til 4. desember 2019 í aðalstöðvum stofnunarinnar að Albert Embankment í Lundúnum. Þing IMO er æðsta stjórnæki stofnunarinnar. Þingið sóttu rúmlega 1700 manns frá 167 aðildarríkjum og þremur aukaaðildarríkjum, frá Sameinuðu þjóðunum og undirstofnunum þeirra og frá milliríkjastofnunum og frjálsum félagsamtökum á heimsvísu sem hafa áheyrnarrétt. Einnig sóttu þingið fulltrúar frá World Maritime University (WMU) og International Maritime Law Institute (IMLI). Þess má geta að 31. þingið er fjölmennasta samkoma sem haldin hefur verið á vegum IMO.

Þingið kemur saman á tveggja ára fresti. Dagskrá var með hefðbundnu sniði. Þingið fór yfir starfsemi stofnunarinnar og reikninga sl. tvö ár og voru áætlanir til næstu ára samþykktar. Farið var yfir fjármál IMO og fjárhagsáætlun til næstu tveggja ára samþykkt. Á allsherjarþingum IMO er gengið frá ályktunum (e. resolutions) um ýmis mál. Flestar þessar ályktana eru tæknilegs eðlis og eru oft notaðar sem grunnur fyrir reglur aðildarríkjanna. Fyrirferðarmikill liður þingsins voru kosningar til ráðs IMO (Council) til næstu tveggja ára. Af Íslands hálfu sóttu þingið Jón Gunnar Jónsson forstjóri, Einar Örn Héðinsson framkvæmdastjóri og Sverrir Konráðsson sérfræðingur Samgöngustofu, Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri, Sigurbergur Björnsson skrifstofustjóri og Eggert Ólafsson lögfræðingur, öll frá samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytinu. Einnig sóttu fundinn þeir Stefán Haukur Jóhannesson sendiherra Íslands í London og Þurý Björk Björgvinsdóttir sendiráðsritari, en sendiherrann er fastafulltrúi Íslands hjá IMO.

Þingið samþykkti að endurnýja skipan Kitacks Lims sem framkvæmdastjóra IMO, til annars og síðara kjörtímabils í fjögur ár (1. janúar 2020 til 31. desember 2023). Þingið samþykkti einnig fjárhagsáætlun og starfsáætlun stofnunarinnar fyrir árin 2020 og 2021.

Á fyrstu þremur dögum þingsins var aðildarríkjum gefinn kostur á að flytja ávörp samkvæmt fyrirfram ákveðinni mælendaskrá. Af hálfu Íslands flutti Ragnhildur Hjaltadóttir ávarpi sínu upplýsti Ragnhildur m.a. um þann árangur sem Ísland hefur náð við að draga úr alvarlegum sjóslysum á undanförunum árum, sem hefur m.a. skilað þeim árangri að engin dauðaslys urðu á sjó árin 2008, 2011 og 2014 og ekkert dauðaslys hefur átt sér stað undanfarin tvö og hálf ár. Hún greindi frá því að fjölmargar ástæður væru fyrir þessu, en ekki síst sökum þess að landslög og -reglur um öryggi fiskiskipa hafi á umliðnum árum verið innleiddar á grunni IMO-gerninga og ESB-reglna um sama efni, þ.m.t. Torremolinos-bókun og Cape Town samninginn frá 2012, sem Ísland fullgilti 2013. Aðildarríki, einkum þau sem hafa mörg fiskiskip á skipaskrá sínum, voru hvött til að fullgilda Cape Town samninginn og leiða reglur alþjóðasamninga um öryggi fiskiskipa í lög í þeirri von að með því, ásamt öðrum samverkandi ráðstöfunum, mætti fækka þeim fjölmörgu dauðaslysum sem verða á sjó á heimsvísu í tengslum við fiskveiðar á ári hverju. Hún minntist á Torremolinos-ráðstefnuna um öryggi fiskiskipa og aðgerðir gegn ólöglegum og ótilkynntum veiðum sem lúta ekki stjórn sem haldin var í Október og þakkaði ríkjum fyrir góða

Þátttöku þar. Ráðuneyttisstjóri sagði einnig frá ráðstefnu sem haldin var í haust á alþjóðlegum degi sjómanna undir einkunnarorði IMO í ár, „Empowering Women in the Maritime Community”, eða valdefling kvenna í siglingageiranum.

Fundur IMO með aðildarríkjum ESB ásamt Íslandi og Noregi

Ráðgjafi IMO um Torremolinos-ráðstefnuna og öryggi fiskiskipa, Michael Kingston, boðaði til fundar með hópi Evrópuríkja, þ.m.t. Íslandi og Noregi til að ræða aðgerðir til að hvetja þau aðildarríki EES sem ekki hafa fullgilt Cape Town samþykktina að gera svo hið fyrsta. Á fundinum viðraði Króatía, sem mun gegna formennsku í Council ESB frá nk. áramótum, þá hugmynd að boða til sérstaks fundar í mars 2020 í Króatíu samhliða ráðherrafundi ESB-ríkjanna þar til þess að ræða Cape Town samþykktina og hvetja aðildarríkin til að fullgilda hana.

Kosningar í ráð IMO

Kosið var nýtt ráð 40 aðildarríkja IMO til tveggja ára.

Niðurstaða kosninganna í ráð IMO fyrir árin 2020-2021							
Category A		Atkvæði	Category B		Atkvæði	Category C	Atkvæði
China	x	152	Argentina	x	125	Bahamas	x 137
Greece	x	151	Australia	x	146	Belgium	x 133
Italy	x	155	Brazil	x	135	Chile	x 134
Japan	x	157	Canada	x	141	Cyprus	x 140
Norway	x	142	France	x	145	Denmark	x 130
Panama	x	149	Germany	x	146	Egypt	x 132
Republic of Korea	x	156	India	x	143	Indonesia	x 139
Russian Federation -	x	141	Netherlands	x	139	Jamaica	x 125
United Kingdom	x	148	Spain	x	145	Kenya	x 111
United States	x	142	Sweden		120	Kuwait	x 112
			United Arab Emirates	x	136	Liberia	100
						Malaysia	x 142
						Malta	x 145
						Mexico	x 135
						Morocco	x 131
						Nigeria	110
						Peru	x 132
						Philippines	x 119
						Poland	101
						Qatar	Dró sig út
						Saudi Arabia	106
						Singapore	x 153
						South Africa	x 136
						Thailand	x 127
						Turkey	x 129

Athygli vakti að Svíþjóð féll út úr B-flokki og Líbería úr C-flokki. Nýkjörið ráð kom síðan saman 4. desember og var Xiaojie Zhang frá Kína endurkjörinn formaður frá 2020-2021. Edmundo Deville del Campo frá Perú var endurkjörinn varaformaður.

Siglingar á heimskautsvæðum - öryggisráðstafanir fyrir skip sem falla ekki undir SOLAS-samþykktina

Þingið samþykkti ályktun um bráðabirgðaöryggisráðstafanir fyrir skip sem þurfa ekki að fá útgefin skírteini samkvæmt SOLAS-samningnum en eru starfrækt á heimskautssvæðum og hvetur aðildarríkin til að hrinda sjálfviljug í framkvæmd öryggisráðstöfunum sem mælt er fyrir um í Pólkóðanum hvað varðar skip sem þurfa ekki skírteini samkvæmt SOLAS-samningnum.

Pólkóði IMO felur í sér frekari öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir fyrir skip sem eru starfrækt á hafsvæðum Norður- og Suðurskautsins. Ákvæði Pólkóðans eru lögbundinn samkvæmt alþjóðasamþykkt um varnir gegn mengun frá skipum (MARPOL) (sem gildir um öll skip) og samkvæmt alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS).

Þrátt fyrir að V. kafli SOLAS (um öryggi siglinga) eigi við um öll skip í öllum siglingum (með nokkrum sérstökum undantekningum), þá gilda aðrir kaflar samþykktarinnar ekki um suma flokka skipa. Má þar nefna flutningaskip undir 500 brúttótonnum, skemmtisnekkjur sem ekki eru nýttar í atvinnuskyni og fiskiskip.

Tekið á rekstri skipaskráa þar sem sviksamleg starfsemi fer fram

Samþykkt var ályktun um sviksamlega skráningu skipa.

Laganefnd IMO hefur kynnt ráðstafanir til að koma í veg fyrir ólögmæt vinnubrögð í tengslum við sviksamlega skipaskráningu eftir að fjöldi aðildarríkja IMO hafði greint frá ólögmætri notkun fána sinna við skráningu skipa. Þingið samþykkti þessar ráðstafanir.

Ályktun þingsins um þetta efni felur í sér málsmeðferð til að miðla upplýsingum um skipaskrár til IMO, þar á meðal upplýsingar um nafn ríkisstofnana og viðurkenndra stofnana eða aðila sem falin eru störf í nafni stjórnvaldsins og hafa umsjón með skráningu skips. Markmiðið er að heimila skrifstofu IMO að sannreyna upplýsingarnar eftir viðeigandi leiðum.

Úttektaráætlun á aðildarríkjum IMO - leiðbeiningar um miðlun upplýsinga

Bent hefur verið á að upplýsingagjöf hefur verið skilgreind sem lykilþáttur til að bæta greiningar á fyrstu samantektarskýrslu IMSAS þar sem fjallað var um niðurstöður lögboðinna úttekta sem fóru fram á árinu 2016.

Til að bæta upplýsingagjöfina samþykkti þingið ályktun um leiðbeiningar varðandi miðlun upplýsinga af hálfu aðildarríkjanna. Leiðbeiningarnar miða að því að aðstoða aðildarríkin við að uppfylla kröfur, samkvæmt hinum ýmsum IMO-samþykktum að því er varðar upplýsingagjöf og uppfylla upplýsingaskyldu sína á markvissan hátt.

Í leiðbeiningunum er sérstaklega mælt með því að aðildarríkin komi á fót upplýsingakerfi með því að fela viðeigandi aðilum, sem gegna hlutverki við framkvæmd og framfylgd viðeigandi IMO-gerninga, hlutverk við upplýsingagjöf.

Þingið samþykkti einnig uppfærslur á þremur lykilgerningum sem aðstoða við innleiðingu á IMO-samþykktum:

- Leiðbeiningar um skipaskoðanir samkvæmt samræmdu kerfi fyrir skoðanir skipa og útgáfu skírteina, 2019;
- skrá, sem er ekki tæmandi, yfir skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamþykktum sem falla undir III-kóðann; og
- Verklagsreglur um hafnarríkiseftirlit, 2019.

Frekari aðgerðir um jafnrétti kynjanna

Þingið samþykkti ályktun þar sem hvatt var til frekari aðgerða á komandi árum til að koma á jafnrétti kynjanna á öllum sviðum siglingamála. Ályktunin „Varðveisla arfleifðar einkunnarorða siglinga á árinu 2019 - Að ná fram hindrunarlausu starfsumhverfi fyrir konur innan siglingageirans“ er samþykkt í kjölfar aðgerða á árinu til að „valdefla konur í siglingageiranum“, sem eru einkunnarorð á alþjóðlegum degi siglinga 2019.

Í ályktuninni eru stjórnvöld, siglingayfirvöld og hagsmunaaðilar í siglingum hvött til að stuðla að umhverfi án hindrana fyrir konur svo að allar konur geti tekið fullan, öruggan og hindrunarlausan þátt í starfsemi á sviði siglinga, þ.m.t. farmennska, fiskveiðar og störf við skipasmíðar.

Tæmandi skrá yfir samþykktir (e. resolutions):

- A.1131(31) List of outputs for the 2020-2021 biennium
- A.1132(31) Results-based budget for the 2020-2021 biennium
- A.1133(31) Presentation of accounts and audit report
- A.1134(31) Arrears of contributions
- A.1135(31) Appointment of the External Auditor
- A.1136(31) Ethical considerations and guidelines for conduct of IMO Council election campaigns
- A.1137(31) Interim safety measures for ships not certified under the SOLAS convention operating in polar waters
- A.1138(31) Procedures for Port State Control, 2019
- A.1139(31) Guidance on communication of information by Member States
- A.1140(31) Survey guidelines under the Harmonized System of Survey and Certification (HSSC), 2019
- A.1141(31) 2019 Non-exhaustive list of obligations under instruments relevant to the IMO Instruments Implementation Code (III CODE)
- A.1142(31) Measures to prevent the fraudulent registration and fraudulent registries of ships
- A.1143(31) Relations with Non-Governmental Organizations
- A.1144(31) Rules and guidelines for consultative status of non-governmental international organizations with the International Maritime Organization
- A.1145(31) Renewal of the appointment of the Secretary-General
- A.1146(31) Appreciation of the services to the Organization of Mr. Jeffrey G. Lantz
- A.1147(31) Preserving the legacy of the World Maritime theme for 2019 and achieving a barrier-free working environment for women in the maritime sector